

**Nd.**

**545. Frumvarp**

til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

**1. gr.**

Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr., og farið sje með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En áfengur drykkur eftir lögum þessum telst hver sá vökvi, sem í er meira en  $2\frac{1}{4}\%$  af vinanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og í sjer hafa fólgið slikt áfengi, skal fara með sem áfengan drykk.

**2. gr.**

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana að flytja frá útlöndum vinanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Einnig er heimilt að flytja til landsins vinanda til eldneysis, svo og ilmvötn, hárméðil og þess konar vökva, enda sjeu þau gerð óhaf til drykkjar svo sem unt er. Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vinanda og annað áfengi, sem lyfjaskrá heimilar, svo og smáskamtalyf með vinanda í. Smáskamtalæknum er heimilt að fá í innlendum lyfjabúðum smáskamtalyf með vinanda í, ef

pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þó í því sje meira af vínanda en  $2\frac{1}{4}\%$  að rúmmáli.

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal stjórnarráðið löggilda til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, þessa áfengisvökva: Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac.

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn, þó ekki yfir 800 lítra á ári hverjum þeirra.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

### 3. gr.

Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sjerstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á höndum umsjón og eftirlit með áfengiskaupum, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðist úr landsjóði. Svo fær hann og borgun fyrir húsrúm undir áfengisbirgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald brjefa. Enn fremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

### 4. gr.

Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum, og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar átengi og hve mikið hann vill fá og frá hverju verslunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verslunarhúsi eða þeim vinsölumanni, sem hún er stíluð til, og beiðist þess, að áfengið sje sent til sin. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sjer með rannsókn, að áfengissendingin sje eigi önnur eða meiri en um var beðið. Nú reynist áfengið annað eða meira en um var beðið, og skal umsjónarmaður þá endursenda sendanda það tatarlaust, ef annað er en um var beðið, eða það sem umfram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðarmanni skips skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi. Að því búnu skal hann, eftir fyrirsögn efnafræðings landsins, sem skyldur er að láta honum aðstoð sína í tje, blanda það áfengi, er til iðnaðarfyrirtækja eða eldsneytis er ætlað, þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar, ef það er unt, án þess það þó missi notagildi sitt til þess, sem það er ætlað. Því næst skal umsjónarmaður merkja áfengið með embættisinsigli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið kostnað þann, er af blönduninni hefir leitt.

Nú líða svo 12 mánuðir frá tilkynningu umsjónarmanns áfengiskaupa

um aðflutning áfengis, að sá hirðir ekki áfengið, er pantað hefir, nje lýsir heldur yfir þeirri ósk, að áfengið sje á hans kostnað endursent seljanda, og er þá áfengið með umbúðum eign landssjóðs. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengið hefir pantað, samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi, sem aðflutt er.

#### 5. gr.

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að ræða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Stjórnarráðið getur veitt fólksflutningaskipum, sem hafa rúm fyrir 25 farþega eða fleiri og eru í siglingum milli landa, undanþágu frá þessu ákvæði, og gilda þá um þau skip ákvæði þessarar greinar um erlend skip.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum, og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent, og getur í því skyni opnað hirslur skipverja og farþega og aðra staði í skipi, eftir því sem þörf þykir.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

#### 6. gr.

Nú strandar skip hjer við land og hefir meðferðis áfengi til umsjónarmanns áfengiskaupa eða frá honum, og skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og gæta þess, að ekki sje í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur embættisinnsigli sitt fyrir ilátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annara manna, en skýra skal hann með fyrstu ferð rjettum eiganda frá björgun áfengisins. Kjósi hann innan 12 mánaða að það sje sent sjer á sinn kostnað, skal það gert; ella sje það eign landssjóðs.

Sje um skipsforða að ræða, fer um meðferð áfengisins og tilkynning til skipseiganda svo sem fyrir er mælt í grein þessari hjer að framan, nema

það hafi verið gert óhæft til drykkjar undir umsjón lögreglustjóra, eða eigandi hafi látið flytja það úr landi innan 12 mánaða.

Nú er ókunnugt um eiganda strandgóss, og skal þá áfengið eign landsjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsinga-frestur er útrunninn.

#### 7. gr.

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

#### 8. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið annan en þann, sem annað-hvort er merktur embættisinnsgli umsjónarmanns áfengiskaupa, svo sem fyrir er mælt í 4. grein laga þessara, eða þá þann drykk, sem um getur í 6. og 10. grein og farið er með eftir fyrirmælum þeirra greina, nema læknislyf sje úr lyfjabúð eða frá lækni.

#### 9. gr.

Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa, selja eða láta af hendi til annara manna, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar.

Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna, en þó ekki oftár en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, er áfengi er í, setur landlæknir reglur því til tryggingar, að áfeng lyf verði eigi höfð til neyslu, heldur eingöngu til lækninga.

#### 10. gr.

Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna enn að hafa í vörslum sínum, er ekki skylt að flytja burtu úr landinu, en eigendur þeirra skulu skyldir að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi. Slík vottorð skal gefa um hver áramót, um hverjar og hve miklar birgðir sjeu óeyddar, uns birgðirnar eru þrotnar.

Áfengi það, er hjer ræðir um, má aldrei flytja burt af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum, eða það sje áður gert óhæft til drykkjar.

#### 11. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt lögum innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. laga þessara.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð um framtal vinbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vinbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar

greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

12. gr.

Nú er maður grunaður um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, og má þá gera heimilissrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði, ef það er talið nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilissrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að skýra frá því, hvernig standi á birgðunum. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

13. gr.

Hvern þann, sem hist hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir dómara, og er honum skylt að gera grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum 50—500 krónum.

14. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða í fyrsta sinn sektum frá 200—1000 kr.

Brot í annað sinn varðar sektum frá 500—2000 kr.

Brjótí nokkur oftur gegn ákvæðum þessarar greinar, varðar það sektum frá 1000—5000 kr.

Auk sektanna skal enn fremur beita fangelsisrefsingu, ef áfengi hefir verið aflað til veitinga í atvinnuskyni eða söln.

Fjárnám fyrir sekt á hendur skipstjóra má gera í skipi hans.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign landssjóðs.

15. gr.

Nú sannast það á skipstjóra, að hann skýrir lögreglustjóra rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 500—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum, og má gera fjárnám fyrir sektunum í skipi hans.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er óheimila að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum 200—2000 kr. Ef brot er ítrekað, varðar það sektum frá 500—5000 kr.

Ef nokkur brýtur oftur ákvæði þessarar greinar, eða gerir sjer það að atvinnu að selja eða veita áfenga drykki, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en eins mánaðar einföldu fangelsi, auk sekta eins og að framan greinir.

Hver, sem aflar sjer áfengis undir því yfirskyni, að hann þnrfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til drykkjar, skal sæta sektum frá 50—1000 kr. nema þyngri hegning liggir við að lögum.

Sama hegning liggur og við því, ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar eða oftur en einu sinni eftir sama læknisseðli.

16. gr.

Brot gegn 5. gr. laga þessara varða sektum sem brot gegn 1. gr. Afengi,

er íslensk skip flytja til landsins, að fráteknu því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, svo og það áfengi, sem skotið er undan innsiglið á skipum, skal upptækt og er eign landssjóðs.

17. gr.

Brot gegn 8. gr. laga þessara verða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ilátum verða eign landssjóðs.

18. gr.

Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi lækniseðil um áfengi í þeim tilgangi, að það verði notað öðru vísi en sem læknislyf, og skal hann þá í fyrsta sinn sekur um 200—2000 kr., og skal sektin tvöfaldast, sje brotið endurtekið. Verði læknir sannur að sök um slíkt oftár en tvisvar, má svifta hann læknisleyfi um stundarsakir, eða að öllu, ef miklar sakir eru.

19. gr.

Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð.

20. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Sveitarstjórnnum og lögreglustjórum er sjerstaklega skylt að sjá um að lögum þessum sje hlýtt.

22. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda dönskum verslunarfulltrúum í öðrum löndum.

23. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi öll þau lagaákvæði, er koma í bága við þau.